



Mín hof sjórinn og fjöllin

Eyvindur P. Eiríksson

Í viðtali Bæjarins besta þessa vikuna er Vestfirðingagoðinn og rithöfundurinn Eyvindur Pétur Eiríksson. Eyvindur hefur frá mörgu að segja, sprenglærður og víðförull sem hann er. Hann ólst upp fyrstu æviárin í Hlöðuvík, en mikið hefur fækkað í röðum þeirra er sagt geta frá lífinu á Hornströndum áður en byggð þar lagðist af:


„Byggðin hvarf með fólkinu. Yfirleitt er það þannig að nýtt fólk kemur og heldur við byggðinni og sinnir ræktun. En þessi byggð, hún hvarf. Fólkið tók hana með sér.“

— sjá bls. 6–9



Óháð fréttablað á Vestfjörðum **BÆJARINS BESTA**

Stofnað 14. nóvember 1984 · Fimmtudagur 22. september 2016 · 35. tbl. · 33. árg. · Ókeypis eintak



Göngur í Vestfirsku fjalllendi.



Hamraborg ehf • Hafnastræti 7
Sími 456 3166



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með hangikjöti og salati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með roastbeef



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með kjúklingsalati



HAMRABORG
SAMLOKA
Geymist við 0-4°C

með rækjum og eggjum

*alltaf
nýsmurt*

Stella hlaut Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti



Handhafar Náttúruverndarviðurkenningar Sigríðar í Brattholti 2016, Stella Guðmundsdóttir lengst til hægri ásamt Sigrúnu Magnúsdóttir umhverfis- og auðlindaráðherra.

Stella Guðmundsdóttir í Heydal hlaut á föstudag, á Degi íslenskrar náttúru, Náttúruverndarviðurkenningu Sigríðar í Brattholti. Það var umhverfis- og auðlindaráðherra, Sigrún Magnúsdóttir sem veitti Stellu viðurkenninguna, en einnig voru sæmd sömu viðurkenningu hjónin Kolbrún Úlfisdóttir og Jóhannes Haraldsson á Hótel Rauðuskriðu í Aðaldal. Útvarpsþátturinn Samfélagið hlaut við sama tækifæri, fjölmiðlaverðlaun umhverfis- og auðlindaráðneytisins.

Í rökstuðningi ráðherra vegna Náttúruverndarviðurkenningar Sigríðar í Brattholti segir meðal annars að Stella hljóti viðurkenninguna fyrir að hafa skapað náttúruvænt ferðapjónustufyrirtæki á afskekktu svæði sem annars hefði verið hætt við að legðist í auðn. Þannig hafi hún stuðlað að því að dreifa álaginu sem af



Frá Heydal.

fjölgun ferðamanna hlýst með því að skapa og bjóða upp á nýjan áfangastað í íslenskri náttúru. Af nærgætni og virðingu fyrir

umhverfinu hafi hún opnað augu ferðamanna fyrir undrum náttúrunnar í þessum ævintýradal.

annska@bb.is



Kristinn H. Gunnarsson

– Sjónarmið –

Öld innflytjendanna

Gífurlegar þjóðfélagsbreytingar eru framundan í Evrópu. Þær einkennast af innflytjendastraumi. Segja má með sannni að 21. öldin verði öld innflytjendanna. Á síðasta áratug tuttugustu aldarinnar jókst fjöldi innflytjenda til Evrópusambandsríkjanna 27 verulega en í byrjun aldarinnar urðu svo sannarlega alger umskipti. Fjöldinn hafði verið innan við hálf milljón manna á ári og lengst af vel innan þeirra marka en varð fjórfalt meiri árið 2003 eða 2 milljónir manna og nær öll árin frá 2001 voru innflytjendur fleiri en ein milljón manna.

60 milljónir innflytjenda

Evrópusambandið gefur reglulega út vandaðar skýrslur um framtíðarhorfur í aðildarríkjunum 27 og ein skýrsluröðin fjallar um lýðfræðilega þróun. Árið 2012 kom út skýrsla um horfurnar frá 2010–2060. Það er skemmst frá því að segja að fólki á vinnufærum aldri mun fyrirsjáanlega fækka mjög mikið á þessum 50 árum og Evrópusambandsríkin verða að treysta á innflutt vinnuafli til þess að geta haldið hagkerfinu og þar með velferðarkerfinu gangandi. Talið er að innflytj-

endur til Evrópusambandsríkjanna verði rúmlega 60 milljónir manna á þessum 50 árum. Þrátt fyrir það mun íbúafjölgun verði mjög hæg. Árið 2010 er talið að íbúar í ríkjunum 27 hafi verið 502 milljónir manna. Í lok spátímans árið 2016 er áætlað að íbúafjöldinn verði 517 milljónir manna. Það er aðeins 3% fjölgun íbúa þrátt fyrir rúmlega 60 milljóna manna innstreymi utanfrá. Það er í raun ekkert val í þessum efnunum fyrir Evrópu. Án innflytjendanna verður algert neyðarástand í einstökum ríkjum vegna skorts á vinnuafli. Láti einhver sér koma í hug að loka landamærunum og hleypa inn aðeins broti af þessum fjölda bitnar það verst á þegnum sömu ríkja. Lífskjör munu versna og velferðarkerfið mun bogna ef ekki brotna undan fjárskorti og vöntun á vinnandi höndum.

Sem dæmi má nefna að á árabílinu 2010–2020 var áætlað árið 2012 að innflytjendur yrðu 13 milljónir manna en skýrsluhöfundar telja þörf á 12 milljónum manna til viðbótar. Samanlagt er því talin þörf á 25 milljónum manna á þessu árabíli. Innflytjendastraumurinn frá Sírylandi síðustu tvö ár er kannski 2–4 milljónir manna og er aðeins brot af þessari þörf. Samkvæmt

því sem fram kemur í skýrslunni er talið að fjöldi innflytjenda verði frá 1,0–1,4 milljónir manna á ári hverju fram til 2060.

Þessar tölur miðast við svæðið allt, öll 27 ríki Evrópusambandsins, en vissulega er dreifingin og þörfin ekki eins eftir einstökum ríkjum. Þannig er talið að íbúum Írlands muni fjölga um 46% á tímabilinu, íbúum Bretlands og Svíþjóðar muni fjölga um 27 og 23%, en íbúum Þýskalands muni fækka um 19%. Þýskaland er nú fjölmennasta ríki Evrópu með 82 milljónir íbúa en árið 2060 er talið að Bretland verði orðið fjölmennast með 79 milljónir, síðan Frakkland með 74 milljónir manna og í Þýskalandi verði aðeins 66 milljónir manna.

Lág fæðingartíðni, hækkandi lífaldur

Það eru ákveðnar lýðfræðilegar ástæður fyrir þessari spá. Veigamest er sú að fæðingartíðni er lág í flestum ríkjum Evrópusambandsins. Til þess að viðhalda íbúafjölda þjóðar og eðlilegri aldurssamsetningu þarf fæðingartíðnin að vera 2,1 barn á hverja konu. Hins vegar er tíðnin mun lægri. Hún var árið 2010 aðeins 1,59. Spáð er að hún hækki lítilsháttar og verði 1,70 í lok spátímans 2060.

Engu að síður er það ekki nóg. Fólki á aldrinum 15–64 ára mun fækka um 14%. Önnur ástæða er hækkun lífaldurs. Betri heilsa og aðbúnaður gerir það að verkum að þeir sem fæðast árið 2060 geta vænst þess að lifa 7 árum lengur en þeir sem fæddust árið 2010. Sérstaklega skiptir málið að þeir sem verða 65 ára árið 2060 munu geta vænst þess að lifa 5 árum lengur og sjá þá fram á 22–25 ár ólífud en þeir sem voru 65 ára árið 2010. Þetta þýðir að fjöldi vinnandi á móti þeim sem eru orðnir 65 ára mun lækka stórlega. Það eru núna 4 vinnandi fyrir hvern sem er eldri en 65 ára en verða aðeins 2 í lok spátímabilsins. Þessar tvær ástæður gera það að verkum að Evrópuþjóðirnar hafa ekkert val, þær verða að flytja inn vinnuafli í stórum stíl.

Skynsamleg stefna Þjóðverja

Ef talið er frá byrjun aldarinnar fram til 2060 munu fjöldi innflytjenda verða um 75 milljónir manna eða um 15% af núverandi íbúafjölda ríkjanna 27 sem mynda Evrópusambandið. Þetta fólk mun koma frá ríkjum utan Evrópusambandsins, frá ríkjum og menningarheimum sem um margt eru ólíkir hinum evrópska. Það er gífurleg breyting og mun

reyna mikið á þjóðfélögin. Árekstrar og átökin sem fylgja eru um þessar mundir bersýnilegust í Bretlandi og Þýskalandi. Innflytjendastraumurinn er ein meginskýringin á úrsögn Bretlands úr Evrópusambandinu og endurspeglar vilja til þess að loka fyrir aðstreymi. Vaxandi óvinsældir Merkels í Þýskalandi eiga sér sömu skýringu eftir að 1 milljón flóttamanna frá Sírylandi kom til Þýskalands á síðasta ári. Ákvörðun Þjóðverja mun hins vegar styrkja landið til lengri tíma litid. Fæðingartíðnin mun hækka og fjöldinn á vinnumarkaði mun aukast. Horfurnar fyrir þýskt efnahagslíf og íbúapróun munu gjörbreytast til batnaðar. Fyrir Þjóðverja er betra að fá fleiri innflytjendur fyrr en síðar og koma þannig í veg fyrir fólksfækkunina og efnahagslega afturkippinn sem fyrirsjáanleg er að óbreyttu. Það var skynsamleg stefna hjá Merkel að taka á móti flóttamönnum frá Sírylandi. Vandinn er að sigla hjá alvarlegum þjóðfélagslegum árekstrum. Evrópa þarf innflytjendur. Afleiðingin verður að evrópskt þjóðfélög munu breytast mikið. Það er óumflýjanlegt.

Kristinn H. Gunnarsson

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

Orkudrykkur
Líka til sykurslaus



59

kr. 250 ml

Orkudrykkur
250 ml, 2 teg.



69

kr. 400 g

Kjúklingabaunir
400 g



69

kr. 420 g

Bakaðar baunir
420 g



69

kr. 400 g

Tómatar
400 g, 2 tegundir



69

kr. 100 g

Rískökur
100 g



159

kr. pk.

Hvítlauksbrauð
2 stk. í pakka



198

kr. stk.

Ostapizza
Frosin, 300 g



159

kr. 820 g

Ferskjur
820 g



159

kr. 520 g

Pastasósa
520 g



298

kr. 750 g

Múslí
750 g



298

kr. 750 g

Kornflögur
750 g



69

kr. 200 stk.

Eyrnarpinnar
200 stk. í boxi



129

kr. pk.

Bómullarskífur
120 stk.



129

kr. 24 stk.

Bökunarpappír
24 arkir



98

kr. 1 l

Trönuberjasafi, 1 l
Eplasafi, 1 l



129

kr. 500 ml

Uppþvottalögur
500 ml



159

kr. 500 ml

Handsápa
500 ml



159

kr. 750 ml

Salernishreinsir
750 ml



198

kr. pk.

Eldhúsrúllur
4 rúllur í pakka

BONUS EKKERT BRUÐL

Opnunartími í Bónus: Mánudaga-Fimmtudaga; 11:00-18:30 • Föstudaga; 10:00-19:30 • Laugardaga; 10:00-18:00 • Sunnudaga; 12:00-18:00

Verð gilda til og með 25. september eða meðan birgðir endast



Útgefandi: Athafnagleði ehf., kt. 690715-0740
Afgreiðsla og ritstjórn: Mánagötu 2, Ísafirði, sími 456 4560
Ritstjóri BB og bb.is: Bryndís Sigurðardóttir, 896 9838, bb@bb.is
Abyrgðarmaður: Bryndís Sigurðardóttir.
Bláðamaður: Smári Karlsson, 866-7604, smari@bb.is
Auglýsingar: Sími 456 4560, auglysingar@bb.is
Prentvinnsla: Litróf ehf.
Upplag: 2.200 eintök
Dreifing: Íslandsþóstur. Dreift án endurgjalds inn á öll heimili á norðanverðum Vestfirðum
Stafræn útgáfa: www.bb.is / facebook.com/pages/bbis
Önnur útgáfa: Á ferð um Vestfirði
 ISSN 1670-021X

Tekið er á móti auglýsingum á póstfangið bb@bb.is. Auglýsingar þurfa að berast fyrir kl. 17 á mánudögum fyrir útgáfudag sem er almennt á fimmtudögum.

Ritstjórnargrein

Spikfeitt blað

Það kennir ýmissa grasa í Bæjarins besta í dag. Viðtalið er við átræðan heiðursmann, Eyvind P. Eiríksson, sem lifað hefur tímana tvenna, uppalinn í fámenni Hornstranda en á fullorðinsárum í fjölmönnum heimsborgum. Maður sem af heilum hug segist hafa átt gott líf og gerir sér grein fyrir þeim forréttindum að geta sagt það.

Í blaði dagsins er líka fyrsta greinin í greinaröð um vestfirski listamenn. Elfar Logi Hannesson hefur tekið að sér að skrifa greinar í nokkur blöð í vetur og gera nokkrum af okkar mörgu listamönnum skil, að þessu sinni fjallar Elfar um Guðmund Thorsteinsson eða Mugg, frá Bíldudal.

Sjónarmið vikunnar fjallar um innflytjendur og fólksfækkun í Evrópu, að hvort sem okkur líkar betur eða verr, þarf Evrópa á innflytjendum að halda. Það erum við sem þurfum meira á flóttamönnum/innflytjendum að halda en þau á okkur, að minnsta kosti þegar til lengri tíma er litið. Verkefnið felst í að samtvinna og sætta mismunandi menningarheima, breyta átökum, sundurlyndi og hræðslu í sterk og fjölbreytt samfélag.

Þegar öllu er á botninn hvolft skiptir máli að geta sagt við leiðarlök að lífið hafi verið gott.

BS

Leiðrétting:

Í síðasta tölublaði Bæjarins besta er sagt frá tvöföldu brúðkaupi á Breiðadalshéið. Þarna var rangt farið með. Það voru þau Guðjóna Guðbjartsdóttir og Sturla Ebenesersson sem voru gefin saman en með í för og þeim til halds og trausts voru hjónin Jóhann Guðbjartsson og Guðrún Guðbjarnardóttir.

Til viðbótar má geta þess að bilstjórinn sem stendur við hlið vörubíls á blaðsíðu 7 er Oddur Friðriksson.

Spurning vikunnar

Tekurðu þátt í að velja á framboðslista?

Alls svöruðu 326.
 Já, sögðu 113 eða 35%
 Nei, sögðu 213 eða 65%

Netspurningin er birt vikulega á bb.is og þar geta lesendur látið skoðun sína í ljós. Niðurstöðurnar eru síðan birtar hér.

Ingibjörg sterkasta kona Íslands



Ingibjörg var vígaleg í keppninni. Mynd: Kristína Ivask

Ísfríðingurinn Ingibjörg Óladóttir gerði sér lítið fyrir um helgina og landaði titlinum „Sterkasta kona Íslands“ í samnefndri keppni sem fram fór á Akureyri á laugardag. Þar keppti hún ásamt 10 öðrum konum í drumbalyftu, réttstöðulyftu, bændagöngu, rammaþurði, steinalyftu, hleðslu og trukkadrætti, þar sem konurnar drógu vörubíl sem vegur ein átta tonn, það má því áætla að þar hafi engir aukvisar verið á ferð. Ingibjörg er ekki ókunn keppninni en hún keppti einnig í henni í fyrra og hafnaði í sjötta sæti. Hún hefur með hléum verið í kraftlyftingabransanum frá árinu 2006 og á síðasta ári byrjaði hún að æfa af kappi aftur eftir nokkurt hlé og hafa æfingar síðasta árs greinilega skilað sér.



Mynd: Kristína Ivask

og segir Ingibjörg í gríni. „Ég sagði við stelpurnar mínar að þær gætu nú farið á leikskólann og sagt við krakkana „mamma mín er sterkari en pabbi þinn.“

Ingibjörg er á leið til Barcelona þar sem hún styður við bakið á manni sínum sem einnig er á kafi í aflraunum en hann keppir á Arnold Classic Europe Pro um næstu helgi. Eftir þá ferð ætlar kraftaparið að setjast niður og endurskipuleggja markmiðin, en Sigfús er ekki bara maki Ingibjargar heldur þjálfari hennar líka. Þau eru bæði menntaðir ÍAK-einkaþjálfarar og reka saman BStrong þar sem þau



Það eru ekki margir sem hafa á afrekalistanum að hafa dregið trukk. Mynd: Kristína Ivask

„Ég setti mér það markmið að toppa mig í Drumbalyftu og reyna að bæta Íslandsmetið sem var 72,5 og ég tók 75kg, það var mikill sigur fyrir mig og allt annað væri bara plús. Ég vann líka réttstöðuna og bændagönguna, sem ég var mjög sátt með. Því næst var hleðsla og þar voru 3 hlutir sem átti að hlaupa með frá A–B en þriðji hluturinn var 75kg sandpoki og hann vildi bara ekki upp í hendurnar á mér. Steinatökin gengu ágætlega en þetta snýst mikið um tækni og að demba sér bara í þetta, en trukkadrátturinn var eitthvað sem ég var bara búin að prufa einu sinni áður og vafðist smá fyrir mér og var ég í þriðja sæti þar, en kláraði allar greinar sátt.“

Ingibjörg segist ekki hafa búist við því að bera sig úr bítum og hafi enn ekki alveg áttað sig á því enn að hafa unnið keppnina og beri nú þennan stóra titil. Hún er nú búsett á Akureyri ásamt eiginmanni sínum, sálfræðinemanum Sigfúsi Fossdal og dætrum þeirra tveimur. Fjölskyldan er að sjálfsögðu stolt af sinni konu

hjálpá fólki að ná markmiðum sínum í gegnum fjarþjálfun, einkaþjálfun og hóþjálfun.

Eftir miklar æfingar síðasta ár segist Ingibjörg vera í sínu besta formi og þá sér í lagi miðað við líkamsástand, en hún glímur bæði við sykursýki 1 og vefjagigt. Hún segist til í frekari keppni og enn eiga nóg inni. En lítur hún út fyrir landssteinana?

„Sterkasta kona heims væri draumur sem ég set sem langtíma markmið og kannski verður það að veruleika einn daginn. Ég er einmitt mikið búin að vera að fylgjast með Donnu Moore sem vann í fyrradag titilinn um sterkustu konu heims, en hún er hrikaleg. Sterkasta kona Evrópu er í desember og er ég að skoða þann möguleika. Það er alltaf eitthvað í boði, en þetta snýst líka um að hafa efni á því að komast á mót erlendis.“ segir okkar sterkasta kona og ekki ósennilegt að betur gangi að fjármagna slíkt með velgengina um helgina í fartesskinu.

Meðfylgjandi myndir úr keppninni tók Kristína Ivask.

annska@bb.is

Framleiðsla á 10.000 tonnum af laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi

Drög tillögu að matsáætlun

Arnarlax ehf. kynnir drög að tillögu að matsáætlun um framleiðslu á 10.000 tonnum á laxi í sjókvíum í Ísafjarðardjúpi, í samræmi við reglugerð nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum. Drög að tillögu að matsáætlun eru birt á heimasíðu Verkís, www.verkis.is og er almenningur hvattur til að kynna sér drögin og gera athugasemdir.

Athugasemdir sendist á netfangið: umhverfismal@verkis.is

Eða í pósti til:

Verkís hf.

B.t. Hugrúnar Gunnarsdóttur

Ofanleiti 2

103 Reykjavík

Athugasemdum skal skila eigi síðar en 30. september 2016.



ARNARLAX
Langahlið 1
465 Bíldudal
arnarlax@arnarlax.is



VERKÍS
Verkfræðistofa
Ofanleiti 2 • 103 Reykjavík

Mín hof sjórinn og fjöllin

Eyvindur P. Eiríksson



„Það er ekki annað hægt að segja en að Eyvindur Pétur Eiríksson sé marghama maður og svipar að því leytnu til sjálfs Óðins, æðsta guðs ásatrúarinnar, sem hæfir vel Vestfirðingagoð-anum þó Eyvindur sé líkt og við hin sem hér göngum breyskur og mannlegur. Þeir eru ófáir titlarnir sem hann hefur borið í gegnum dagana; rithöfundur, kennari og lektor með áratuga kennslureynslu úr flestum stigum menntakerfisins: háskólasamfélaginu hér á landi, sem og bæði í Finnlandi og Danmörku. Síðan

er það sjómennska, verkavinna, fræðistörf, svo sitthvað sé nefnt. Eyvindur hefur svo margar háskólagráður að segja má að honum svipti til Georgs Bjarnfreðarsonar, sem Jón Gnarr gerði ódauðlegan í Vaktapáttunum – nema Eyvindur lætur það vera að stera sig mikið af sínum sem telja BA í dönsku og ensku ásamt kennslufræði, síðar í íslensku, málvísindum og finnsku, sem og cand.mag. í íslenskri málfræði. Já, og danskt próf á seglskútu!

Eyvindur er maður víðförull og hefur hann flækst víða, til dæmis til gömlu Sovétríkjanna í líki blaðmanns og seinna um slóðir Indíána í Kanada, þá sem sagnapúllur. Það eru margar sögur fólgnar í þessum mörgu lögum og ekki síður þessum árum, sem telja nú áttatíu.

Ég vissi það að ráðast í að taka viðtal við Eyvind væri stórt verk-

efni og yfirgripsmikið. Hvernig í lifandis ósköpunum má sjóða svo ríkulegt lífshlaup niður í fátæklegt viðtal? Ég vissi þó líka að viðtalsefnið og manneskjan á bak við það væru svo verðug að ég yrði í það minnsta að láta á það reyna. Kannski sem smá forvitnivaka fyrir það sem koma skal, en Eyvindur vinnur nú við að skrá sögu sína. Einn daginn birtist sagan í heild sinni en hér gefur að líta brot af því sem á daga Eyvindar hefur drifið.

Uppruninn

Það fækkar í röðum þeirra sem þekkja frá fyrstu hendi til lífsins á Hornströndum áður en byggð þar lagðist í eyði en Eyvindur er þeirra á meðal. Hann bjó með foreldrum sínum í Hlöðuvík fram á áttunda ár er þau héldu yfir Djúpið í Arnardal. Hann fæddist reyndar í Hnífsdal árið 1935, í húsi frænku sinnar við Bakkavegin, húsi sem seinna meir hósti kleinugerð.

Foreldrar Eyvindar hétu Eiríkur Guðjónsson og Rósa Samúelsdóttir og voru þau bæði fædd í Skjaldabjarnarvík, þrátt fyrir að leiðir þeirra hafi ekki legið saman þar. „Afar mínir og ömmur bjuggu bæði þar um hríð. Guðjón Kristjánsson og Anna Jónasdóttir, foreldrar pabba eignuðust níu börn sem öll komust til manns og er alveg gífurlega stórt ætt sem kemur út frá þeim. Foreldrar mömmu voru Samúel Hallgrímsson og Jó-

hanna Bjarnadóttir og eignuðust þau 15 börn, af þeim dóu fjögur á fyrsta ári og hin komust upp, en þau eignuðust ekki öll börn. Tvö veiktust af berklum og urðu ekki langlíf. Afí deyr 1910, þá er mamma fjögurra ára og er þá fjölskyldan leyst upp, af rómaðri kristilegri „miskunn og mildi“, og amma fær einungis að hafa með sér yngsta soninn, Samúel. Út frá honum er komin heilmikil ætt, en hann eignaðist fimm dætur með föðursystur minni henni Önnu á Dröngum. Svo við Guðjón bróðir og þær systur erum systkinabörn í báðar ættir. Bróðir minn er síðasta barn sem fæðist á Búðum, enda frábær maður og drengur góður.

Þegar mamma og pabbi koma saman, eru þau fyrst húsfólk hjá afa og ömmu í Þaralátursfirði, en þegar þau vita að mín er von ákveða þau að fara vestur. Mamma var þrítug þegar hún átti mig og það þótti gamalt á þessum tíma, þó það þyki ekki núna.

Pabbi var mikill heimspekingur og grúskari og hann var líka gott skáld. Hann langaði mikið í skóla, en hafði ekki í sér hörkuna sem til þurfti. Hann var búinn að fá inni á Eiðum, en þegar kom að því að fara fannst honum hann ekki hafa efni á því. Hann hefði getað látið á það reyna en hann guggnaði. Hann fór aldrei í skóla, ekki einu sinni í barnaskóla, því á hans tíma voru margir sem lærðu bara heima.

Mamma var algjör sveitakona og vildi búa. Hún gat ekki lifað án þess að hafa dýr og það var hún sem mest hélt uppi heimilinu. Pabbi var reyndar alltaf í vinnu og duglegur en þetta var skítavinna og lélegt kaup. Við höfðum alltaf nóg að borða og skorti ekki neitt, þannig.“

Fyrstu árin á Hornströndum

Þegar fjölskyldan flutti norður á Hornstrandir fóru þau fyrst í Höfn í Hornvík, í kaldan og lekan torfbæ, eignalaus, að kvígu og nokkrum kindum undanskildum. Þar eru þau annan veturinn í lífi Eyvindar og 1. janúar eignast foreldrar hans dóttur, Guðný Önnu, en í apríl sama ár veikjast bæði börnin, með þeim afleiðingum að stúlkan litla deyr, en Eyvindi var dröslað yfir fjöll og firnindi yfir á Hesteyri til læknis, þar sem hann náði bata frá því sem talið var vera barnaveiki.

Um vorið heyra foreldrar hans af því að það hafi losnað hálf jörðin að Búðum í Hlöðuvík. Þetta var tvíbýli, þar sem fjölskyldan kom sér vel fyrir í öðrum endanum og var vistin þar allt annað líf frá því sem verið hafði í Höfn.

„Þegar við fluttum varð Sumarliði leigusali reiður. Hann sakaði pabba um að hafa stolið af sér peningum og Sölvi bróðir hans lét taka pabba fastan og færa í tukthúsið á Ísafirði, þar sem hann mátti dvelja í víst tvo

mánuði, án þess að neitt væri réttarhaldið. Svo gáfust menn bara upp á þessu og honum var sleppt og talið að þetta hefði bara verið rugl í Summa. Þetta var yfir hábjargræðistímann og mamma ein með mig á Búðum, hjargarlítill og hjálpaði sambýlisfólkið frábæra þar henni að heyja og gera það sem þurfti að gera.“

Þrátt fyrir erfiða byrjum minnist Eyvindur lífsins á Búðum með mikilli hlýju. „Ég man fyrst eftir mér á Búðum. Ég man til dæmis vel eftir skipalestunum sem fóru hjá í stríðinu og voru á leið til Rússlands eða jafnvel til Englands. Ég man eftir mér fimm, sex ára að fylgjast með skipunum þar sem þau bar við sjóndeildarhringinn og sum sigldu undir hann og ég skildi ekki til dæmis eitt sinn er ég sá kassa siglandi eftir haffletinum og fannst það skrítið skip, en þá var það bara efsti hlutinn sem ég sá. Það voru svakalegar tundurduflagirðingar út af Vestfjörðum svo það gerðist að skip fórust og úr þeim rak heilmikið dót að landi, ásamt líkum. Ég man sérstaklega eftir dósnum sem voru með smelltu loki og voru fullar af litlum þunnum plötum af súkkulaði. Mamma sauð oft súkkulaði úr þessu. Þegar eitt-hvað flaut á land þá skiptu menn því gjarnan með sér, en það var heilmikill kommúnismi þarna, þar sem fólk hjálpaðist að við verkin. Ef einhver fékk meira en



Fara þurfti með Eyvind litla frá Hornvík til Hesteyrar til lækis. Hér sést hann í Eyvindur litli ásamt foreldrum sínum og fylgdarliði í Kjaransvíkurskarði á bakaleiðinni.

hinn þá var það oft gefið. Allir gestir fengu að borða og sofa og aldrei tekin króna fyrir, ekki einu sinni á stöðum þar sem var mikil umferð.

Þegar Eyvindur var fimm ára dvaldi hann eitt sumar í fóstri hjá Jónu og Stíg á Horni, sem hann segir að hafi verið sér afar góð og eftir að vestur kom var hann aftur hjá þeim hálfan vetur til að geta sótt skóla. Eyvindur segir að byrjað hafi að losna um byggðina í Hlöðuvík árin 1942–3, þá hafi farið að fiskast betur eftir mögur ár í veiðum og talsvert um að menn væru ráðnir á báta „fyrir vestan“ líkt og hann kallar þéttbýlið við utanvert Ísafjarðardjúp. Nágrannar þeirra í tvíbýlinu vildu fara og fleiri. 1943 flytur sambýlisfólkið og þá taldi Eiríkur að það væri ekkert vit fyrir fjölskylduna að búa áfram á Búðum. Rósa vildi vera áfram, en það má segja að það hafi verið óbúandi í Hlöðuvíkinni fyrir ein hjón, þar sem ekki var einu sinni hægt að vera með bát einn. Eyvindur segir erfiðan

tíma hafa fylgt í kjölfarið, fella hafi þurft allar skepnur, jafnvel hund og kött, en ekki mátti flytja þær með yfir Djúpið og tók það mjög á móður hans.

„Byggðin hvarf með fólkinu. Yfirleitt er það þannig að nýtt fólk kemur og heldur við byggðinni og sinnir ræktun. En þessi byggð, hún hvarf. Fólkið tók hana með sér.”

Menntamaður verður til

1944 kaupir fjölskyldan býlið Holt í Arnardal, þar sem Eyvindur fer í barnaskóla sem rekinn var á Bökkunum þrjá mánuði yfir vetrartímann. Þá var öldin önnur en nú er í dalnum, er margt fólk bjó og starfaði þar. Veturinn á eftir var Eyvindur í barnaskólanum í Hnífsdal er pabbi hans réri þaðan og eignaðist hann þar góða vini. Þar á eftir fór hann aftur til Jónu fóstur sinnar er þá var flutt á Ísafjörð þar sem hann sótti barnaskólann. Eftir þann vetur var ákveðið að fjölskyldan hefði vetursetu á Ísafirði. Fyrst leigðu þau við Seljalandsveginn,

seinna meir keypti Eiríkur gamalt timburhús úr Arnardal sem sagað var í fjóra parta og híft upp á trucka er kaninn hafði skilið eftir í stríðinu og flutt í bútum inn á Ísafjörð. Það var svo sett ofan á steiptan grunn við Seljalandsvegnum númer 50, en var seinna rífið.

Síðasta vetur í barnaskóla var Eyvindur í fyrsta sinn heilan vetur í skóla. Þá tók gagnfræðaskólinn við og þar lágu leiðir hans og Njarðar P. Njarðvík aftur saman eftir að hafa kynnst ungir að árum.

„Við brölluðum heilmikið. Á þessum tíma fannst okkur fátt skemmtilegra en að lesa Hjemmet, sem innihélt til dæmis sögur um þá Knoll og Tott og urðum við því snemma mjög færir í dönsku og þegar við komum í menntaskóla vorum við einu nemendurnir sem vorum sæmilega talandi á dönsku, en við höfðum líka haft afar góðan dönskukennara hér. Kennarinn í MA var bóndi úr Skagafirði og það fór skelfilega í taugarnar á honum hversu góðir við vorum og þó við værum í raun langbestir í bekknum og miklu betri en hann þá fengum við lága einkunn.”

Þau voru fimm, tvær stúlkur og þrír piltar, úr árganginum sem fóru frá Ísafirði til náms við Menntaskólann á Akureyri, en á þessum tíma var að færað í vöxt að ungmenni héldu áfram menntaveginum til stúdentsprófs. Foreldrar Eyvindar studdu hann nokkuð, en þau voru ekki efnið svo hann fór á sumrin til Keflavíkur þar sem hann vann verkamannavinnu á Keflavíkurvelli til að draga fram lífið í náminu.

Síðasta veturinn í náminu á Akureyri var hann með stúlku og átti hún einn vetur eftir er Eyvindur útskrifaðist sem stúdent. Hann dvaldi því norðan heiða einn vetur eftir stúdentspróf og fékk starf á skrifstofu Gefjunnar.

„Ég var þarna að skrifa ensk verslunarbréf og ég verð að segja að þetta er eitt það leiðinlegasta sem ég hef gert, ég get svo svarið það, jafnvel þó að karlarnir sem ég vann með hafi verið fínir.”

Unnusta Eyvindar var ákveðin í að nema lækisfræði og því ákvað Eyvindur að gera slíkt hið sama og hófu þau nám í höfuðborginni um haustið. „Þetta var helvíti mikil efnafræði, hún var prófsteinninn og það þurfti að ná henni til að geta haldið áfram. Verklegi parturinn fannst mér skemmtilegur, en ég kom eiginlega aldrei inn í hausinn á mér þessum formúlum og drasli. Ég þarf að skilja hlutina, ef ég skil þá, þá opnast þeir, en það gerðist bara ekki með efnafræðina.”

Eyvindur tók um tvö ár í lækisfræðinni áður en hann komst að þeirri niðurstöðu að námið ætti ekki við hann. Svo tók lífið breytingum, hann og stúlkan slitu samvistum og um haustið ákvað hann að venda kvæði sínu í kross og nema dönsku og ensku við Háskólann.

Stefna til framtíðar mörkuð

Tungumálanámið gekk vel, en Eyvindur komst þó næst því sem

Það kynnti hann fyrir Margréti barnsmóður hans og eiginkonu til fjölda ára og eignuðust þau saman fjögur börn: Eirík, Rósu, Eyjólf og Erp.

Eftir síldarævintýrið réðu Eyvindur og Margrét sig sem kennara á Ísafjörð þar sem þau dvöldu í tvö ár og Eyvindur var meðal annars að kenna dönsku. „Svo kenndi ég dönsku næstu tíu árin, sem var svo sem ágætt, nema hvað hún var aldrei vinsæl. Við fórum suður eftir Ísafjörð þar sem ég fór að kenna við Gagnfræðaskóla verknáms. Hann var stofnaður sem „úrkastsskóli“, þangað inn var þeim fleygt sem ekki „gátu“ lært almennilega á bókina. Magnús Jónsson skólastjóri ákvað að gera þetta að alvöruskóla og kennaraliðið var það besta sem þá var í gagnfræðaskólum, því yfirleitt var þar ekki að finna sérmenntaða kennara. Þetta voru stórir bekkir og krakkararnir vildu ekkert sérstaklega læra dönsku. Þau voru nú samt furðu góð við mann, en það var erfitt að kenna þarna. Það réttist úr flestum í þessum skóla og margir hafa orðið merkir menn í samfélaginu.”



Á Ísborginni árið 1958.

hann hafði komist að falla á prófi í lokaprófi í ensku. Hann hafði siglt frá Ísafirði til Reykjavíkur í janúar í vondu veðri og stórsjó og rétt komst í prófið með svo mikla sjóriðu að hann þurfti bókstaflega að halda sér í borðið meðan á prófinu stóð. „Einn kennarinn var Skoti og var afar hrifinn af gömlum skáldum, þau máttu helst ekki vera fædd seinna en 1900. Ég var þó hrifinn af Milton og hafði að gamni mínu lært utanbókar eitt ljóð eftir hann og fór með það í prófinu. Ég hugsa að það hafi bjargað mér!”

Að lækkinum kvöddum var Eyvindur á togurum og svo á síld, seinna dixilmaður á plani og tók þar þátt í síldarævintýrinu mikla, sem hafði mikil og mótandi áhrif á íslensku þjóðina og í Eyvindur tilfelli svo um munaði.

Fræðimaður á flakki

„Um 1968 var ákveðið að endurskipuleggja gagnfræðaprófið. Agúst Sigurðsson var keisarin yfir dönskukennslu á Íslandi á þessum tíma og gaf út fjöldann allan af dönskubókum. Hann ákvað að fá mig sem aðstoðarmann og var ég hans hægri hönd í þeim breytingum sem voru gerðar á dönskunni. Við sömdum meðal annars nýja námsskrá og var ég sendur út um landið til að kenna kennurum. Svo fengum við öll samræmd gagnfræðapróf sem tekin voru á landinu send til að yfirfara þau og það gerði ég á nóttunni. Þá reykti ég og drakk kaffi þangað til að ég fékk í magann og hausinn. Á sunnudögum var ég alveg dauður og lá bara fyrir. 1970 hugsaði ég með mér að þetta væri nú ekki



Eyvindur við Hannesarhús í Hnífsdal, þar sem hann fæddist.



Eyvindur með börnum og barnabörnum árið 2015. F.v.: Steinar Freyr, Sóley Freyja Eiríksbörn, Gunnvör Rósa, Eyvindur, Eyjólfur Bergur, Erpur Þórólfur, Bragi Bergþór Viðars, Særós Mist og Eldey Gígja börn Rósu.

alveg nógu sniðugt svo ég hætti, fór upp í Háskóla og skráði mig í íslensku.”

Eyvindur lauk svo BA-námi í íslensku og segist hann þar hafa haldið áfram þessu menntaflakki sínu, í stað þess að fara beinu brautina, sem hann segir eiginlega óskynsamlegt rugl! Hann vann eins og brjálaðingur, fór að kenna íslensku fyrir útlendinga í Háskólanum, jafnframt því sem hann lauk cand.mag.-prófi og lagði einnig stund á almenn málvísindi sem hann segir það

skemmtilegasta sem hann hefur numið.

„Vor eitt hringir síminn hjá mér eldsnemma um morgun, þetta var 1979 og þá var ég að kenna bæði í Háskólanum og MK. Í símanum er Erlingur Sigurðsson kunningi minn, sem segir að sig vanti kennara í tvö ár við háskólann í Helsinki. Já já, segi ég og held svo áfram að sofa. Tveimur tímum seinna eða svo vöknum við hjónin og ég spyr Margréti hvort það geti verið að einhver hafi hringt í mig

áðan. Hún segir að það hafi verið Erlingur og hann beðið mig að kenna fyrir sig, ég hafði víst eitt-hvað tautað upphátt um það. Svo fórum við bara öll fjölskyldan til Finnlands.

Um haustið sé ég auglýsingu þar sem óskað er eftir íslenskum lektor við háskólann í Kaupmannahöfn og það kitlaði mig auðvitað mjög mikið og ég sótti um. Svo leið og beið og ég reiknaði síður með því að vera valinn þar sem við vorum fimm sem sóttum um. En svo kom að því í desember, að mér var tilkynnt, að ég hefði fengið stöðuna og ætti að mæta 1. febrúar til starfa. Ég var þarna í talsverðum vandræðum því ég þurfti að minnsta kosti að ljúka vetrinum í Helsinki.” Eyvindur fékk þá vin sinn Svavar Sigmundsson til að leysa sig af fram á vorið og fjölskyldan fluttist til Kaupmannahafnar, þar

sem hann dvaldi næstu sjö árin en fjölskyldan önnur að hluta til heima.

Vestfirðingagoðinn og náttúrubarnið

- Hvenær var það sem þú fórst að grúska í ásatrú?

„Ég er nú ekki alveg viss. Ég las náttúrulega Eddurnar og þessar stórmerku bókmenntir okkar, en ég veit ekki alveg hvað kom fyrst hjá mér í þeim efnum. Ég er ekki meðal stofnfélaga heldur kom ég inn í félagsskapinn eftir að ég kom heim frá Danmörku upp úr 1990. Löngu áður hafði ég þó farið að kynna mér vissar þjóðir norður-Indíána, enda erfitt að kynna sér þær allar þar sem þær voru víst um 300, mjög ólíkar innbyrðis og með eigið tungumál. Mörgum reyndar hreinlega útrýmt áður en náðist að skrá tunguna! Og flestum að lokum! Trú þeirra og lífsviðhorf virtist hins vegar líkt og alltaf tengt náttúrunni. Til dæmis átti þetta fólk ekki land, samkvæmt þeim var ekki hægt að eiga landið, vatnið og jörðina. Sumir segja það vera svo að landið eigi þá, en það var ekki einu sinni þannig, það var bara allt jafnt. Indíáninn er hluti af landinu og ef það er tekið frá honum þá er hann ekki til lengur. M.a. þess vegna hafa svo margir farið illa eftir að landinu var rænt undan þeim.” Eyvindi er augljóslega mjög umhugað um þessar þjóðir og örlög þeirra. „Mér finnst reyndar alveg fátíðlegt að land geti verið í einkaeign, þá sérstaklega auðlindir, enda er jörðin sameign allra og allir menn jafn rétt háir.

Seinna var mér boðið á sagnabúlastefnu í Yukon. Eftir að flestir voru farnir heim vorum við nokkur eftir og fórum í ferðir um þetta mikla land og heimsóttum þorpin. Meðal annars hitti ég síðustu konuna sem talaði mál

þjóðar sinnar. Og fór á gedduveiðar í Yukonfljóti með einni fjölskyldu. Þetta fólk er mjög ólíkt Indíánunum sem við fengum að sjá í kvikmyndum hér á landi, það er gjarnan lágvaxið og kringluleitt, satt að segja voru konurnar líkar frænkum mínum sætu af Ströndum í framan. Mjög þægilegt og skemmtilegt fólk, sem var mikið að segja sögur, oftast á einfaldri ensku.”

Í framhaldinu fórum við heiðingjarnir á nokkurt flug í umræðum um gildi ásatrúar í dag og erum sammála um að þungamiðjan hvíli á náttúrunni en ekki goðsögunum sem slíkum. „Ég hef alltaf verið mikið náttúrubarn og mín hof sjórinn og fjöllin. Við erum ekki með neina trúarjátningu í Vorum sið og því mega menn nánast trú því sem þeir vilja, á einn guð þess vegna, eða lífið í brjósti sér, sem sé mátt sinn og megin. En í stuttu máli er ég í þessu fyrir náttúru trúna, svo og fræðin merku og þar með óvenjulega „heiða“ hugsun heiðinna forfedra.”

Eyvindur var í Siðmennt áður en hann gekk í Ásatrúarfélagið og því við hæfi að spyrja hann hvort hann hafi verið trúlaus frá því hann var barn?

„Ég var alinn upp líkt og alþýða manna í trúnni á hið góða og líf eftir dauðann. Ég lærði svo sem fallegar bænir sem barn og fór með þær á kvöldin, en það var ekkert meira. Mamma var viss um að þegar að hún dái þá myndi hún hitta systkini sín. Kári frændi minn, bróðir hennar, var afskaplega skemmtilegur maður. Hann sagði alltaf „esska“ þegar hann talaði við mann (og nú tekur Eyvindur sýnidæmi um málróf og talanda frænda síns heitins). Hann fór á spítala, vegna veikinda fyrir hjarta og þegar ég hitti hann næst sagði hann: „Ég bara dó esska, og þau



Eyvindur og Guðjón bróðir hans ungir að árum.



Eyvindur lætur að sér kveða og mótmælir hér stríðinu í Víetnam ásamt Margréti.

voru þarna öll.” Hann var þá að tala um systkini sín og sagði mér hvernig þau hefðu öll tíu raðað sér alvörugefin á svip við rúmgaflinn hjá honum. Svona trú tek ég gilda, þó ég skilji ekki að þetta sé hægt og trú í raun ekki á það. En þetta var trú fólks.” Eyvindi er augljóslega annar um þessa trú fólks, en ekki er hann þó gefinn fyrir trúarbrögð almennt því hann bætir við ómyrkur í máli: „Ég lenti í kreppu við ferminguna, þegar ég fór að átta mig á hvílíkt rugl væri verið að kenna okkur. Og ég segi reyndar að öll trú sé hættuleg, því hún gramsar í viðkvæmstu tilfinningum manna og nær tökum á þeim. Valdafiklar og gróðapungar notfæra sér það. Eingyðid er þar hættulegast en vættatrúin líklega skást!”

Rithöfundurinn

Síðustu áratuginu hefur Eyvindur að mestu fengist við ritstörf og líkt og með menntunina þá er hann ekkert að tvínóna við hlutina og hefur sent frá sér um fjörutíu skáldverk, þrátt fyrir að hafa geyst tiltölulega seint á lífsleiðinni fram ritvöllinn.


„Maður var að skrifa einhver ljóð í menntaskóla, eins og flestir. Ég byrjaði líka á skáldsögu sem varð ein og hálf blaðsíða. Ég veit ekki hvað varð af þeirri blaðsíðu. Njörður vinur minn komst í þetta og sagði: ”Já svo þú ert að yrkja.” Þá var ég fljótur að fela blöðin. Reyndar má finna leifar af þessum kveðskap í fyrstu bókinni minni *Hvenær?* Svo þegar ég var kominn aftur í Háskólann, var

Njörður að kenna bókmenntir og gerði það vel. Nema að hann var að vinna hjá útgáfufélaginu Íðunni líka og bað mig að finna til eitthvað sem ég hefði skrifað með möguleika á útgáfu. Ég fór að yrkja og þetta var gefið út með pomp og prakt.” Bókin vakti talsverða athygli, en þó mest fyrir kápuna sem skartar rauðum Hallgrímskirkjuturni í limslíki.

Árið 1978 gaf Letur út aðra bók hans *Hvaðan - þaðan*, en síðan kom hlé á ritstörfum. Það var svo seinast á níunda áratugnum, eftir að Eyvindur kom aftur heim á Frón, að hann fór að skrifa að ráði. Fljótlega leit dagsljósið fyrsta skáldsaga hans *Múkkinn* árið 1988.

„Með Múkkanum má segja að þetta hafi byrjað fyrir alvöru” segir Eyvindur og aðspurður um hvernig hafi gengið að finna agann sem þarf til að skrifa heila skáldsögu svarar hann að það hafi verið heilmikið mál. Hann hefur þó komið sér upp tækni sem er fólgin í að taka upp á segulband hugrenningar sem hann notar í skrifin.

„Veturinn sem ég skrifaði Múkkann bjuggum við í Eskihlíðinni og ég hafði til síðs að skokka. Þá var enn heiti lækurinn í Nauthólsvíkinni og ég skokkaði þangað og fór í lækinn. Það var verst í slagviðri, því þar var ekkert skýli, en þá var ég samt líka alveg einn í læknum sem var gott. Verst var að komast aftur í fötin sem oft urðu blaut, en ég var fljótur að hlaupa í mig hita aftur. Svo kom *Múkkinn* út hjá



Íðunni og var misskilinn af gagnrýnendum sem sögðu hann argasta klám, en þetta er vel unnið verk og m.a. merkilegt fyrir þær sakir að vera kollektívt, sem er lítið notað form hér. Þar eru ekki beint aðalpersónur heldur gerist sagan hjá hópnum. Menn koma og fara en það er hópurinn sem er aðalatriðið. Þetta er einnig lokaður heimur. Þegar maður fer út á togara í mánuð, þá lokast heimurinn þegar að landfestunum er sleppt. Að hluta sýmbólst fyrir mannlífið, ekki rétt?”

Eyvindur hefur eitthvað gefið út sjálfur og svo hafa mismunandi forlög gefið út bækur hans. „Það er eiginlega hálfgerð kraftaverk að ég skuli hafa fengið gefið út hjá forlögnum því ég kem svo seint inn í þetta. Hann klappaði mér oft á bakið hann Ólafur Ragnarsson í Vöku sem gaf út verðlaunasögurnar mínar og sagði að ég ætti skilið að vera auglýstur upp, en það þarf að gera það. Ég hef hins vegar aldrei verið auglýstur upp, ég hef ekki uppfyllt skilyrði fyrir það, t.d. orðinn allt of gamall þegar ég byrjaði. Of róttækur og heiðinn líka! Hér ríkir nefnilega alvarleg ritskoðun í raun.”

Hvað sem þessu líður þá hefur Eyvindur notið velgengni á köflum, sér í lagi fyrir verðlaunabókina *Landið handan fjarskans*, sem og framhald hennar *Þar sem blómið vex og vatnið fellur*. Hann hefur beitt pennanum á ótal vegu og skrifað skáldsögur, barnabækur, leikrit, útvarpssögur og ljóð, innblásinn af áhuganum á málinu

og blæbrigðum þess, sögunum sem lífið hefur fært honum og ástinni á náttúrunni.

Lífið í dag

Sambýliskona Eyvindar í dag er Gro-Tove Sandmark, sem starfar nú sem dósent í norsku við Háskólann í Stavanger, en hún hafði áður kennt við Háskóla Íslands.

„Ég var að kenna við Háskólann og Gro-Tove var norskur lektor þar, þannig að við vissum alveg hvort af öðru í þó nokkurn tíma. Hún hefur stundum strítt mér á því og sagt að ég hafi helst ekki viljað tala við sig. Svo lentum við einu sinni saman í flugrútnu frá Keflavíkurvelli og þar sem við vorum kunnug þá fórum við að tala saman og hún hefur oft gert grín að mér fyrir að segja henni, norska málfræðingnum, alla ferðina frá norskum mállyskum.”

Eitt leiddi af öðru og skömmu eftir rútuferðina voru þau orðin þar og hafa búið til skiptis á Íslandi og í Noregi síðan. En Eyvindur lætur ekki hjá líða að koma á æskustöðvarnar í Holti og dvelja þar einhvern tíma yfir sumarmánuðina.

Eyvindur segist latur maður að eðlisfari, sem blaðamanni þykir frekar undarleg staðhæfing, þar sem hann virðist í gegnum gestsugað lúsiðinn. Hann segist þó alltaf ætla að gera allt, helst í einu og finnist hann eiginlega aldrei gera neitt. „Ég furða mig stöðugt á, hverju ég þó hef komið í verk. Til dæmis gert upp gamla húsið í

Holti og byggt ein fjögur einföld hús upp úr rústum útihúsanna, ásamt einu sjóarahúsi yfir tvær skektur. Og skrifað og gefið út slatta af bókum.”

Hann virðist hvergi nærri af baki dottinn þrátt fyrir að árin færist yfir. „Ég á fyrirleggjandi nokkur leikrit í heila bók, vísur og ljóðapýðingar í aðra bók. Einnig nær fullgerða langa skáldsögu og hálfunnið handrit að annarri. Nokkra ramma og uppkast að leikverkum. Og stöðugt verður til nýtt í kollinum. Mig vantar sirka 10 ár í viðbót, en þau fæ ég örugglega ekki, a.m.k. ekki með hausinn í sköpunarfari!”

En hver skyldi þá þessi forvitnilegi maður vera samkvæmt honum sjálfum? Og hvernig lítur hann lífið eftir að hafa fengið að kynnast því á hinum ýmsu hliðum? „Ég verð kannski helst kallaður róttækur íhaldsmaður – eða frekar raunsær draumóramaður. Nútímamaður og nýt sannarlega þess góða í tímanum. En jafnframt sterklega fylgjandi jákvæðri varðveislu gamals, þess sem nýttist okkur vel áfram og við höfum ekki efni á að tyna niður, en því höfum við gert allt of mikið af.

Ég hitti gamlan vin, Hreiðar Jónsson, aftur í fyrra eftir 55 ár. Við ræddum tilveruna. Loks spurði hann: „Eyvindur minn. Hefurðu ekki átt gott líf?” Ég hugsaði mig lengi um, svaraði hægt: „Jú. Ég hef átt gott líf.” Það var gott að geta sagt það.”

annska@bb.is



Eyvindur og Gro-Tove á Hesteyri fyrir nokkrum árum.

Vestfirskir listamenn

Guðmundur Thorsteinsson eða Muggur, f. 5. september 1891 á Bíldudal, d. 26. júlí 1924 í Sölleröd Danmörku



Kolaburður í Reykjavík, 1919.



ÍSAFJARÐARBÆR

Snjómokstur á hafnarsvæði

Hafnir Ísafjarðarbæjar óska eftir tilboðum í snjómokstur á hafnarsvæðum á Ísafirði. Snjómoksturinn felst í því að moka hafnarsvæðin frá bátahöfn-Ásgeirsbakka-Ásgeirsgötu-Sundabakkaveg og Mávagard. Verkið skal unnið eftir fyrimælum hafnarstjóra. Gert er ráð fyrir að búið sé að moka svæðin fyrir kl. 08:00.

Um er að ræða mokstur á hafnarþekjum og nefndum götum. Höfnin sér um hreinsun frá festipollum, rafmagns- og vatnsbrunnum. Gerð er krafa um að verktaki hafi afkastamikla vél til verksins og einnig geti gengið að varavél. Óskað er eftir tilboðum í tímagjald, maður og vél.

Bjóðandi skal skila inn með tilboði, upplýsingum um þær vélar sem hann ætlar að nota til verksins. Við val á tilboði verður tímagjald vélar og afkastahæfni haft til hliðsjónar.

Samningur verður gerður til tveggja ára með venjulegum uppsagnarfyrirvörum.

Opnun tilboða fer fram á skrifstofu hafnarstjóra 6. október kl. 11:00.

Hafnarstjóri.


Einhver dádasti listamaður þjóðarinnar er Bílddælingurinn Guðmundur Thorsteinsson eða Muggur eins og hann er jafnan kallaður. Hann var feikilega fjölhæfur listamaður og þó ævi hans hafi verið stutt, lét hann eftir sig listaverk sem eiga eftir að lifa um ókomin ár.

Muggur fæddist 5. september 1891 á Bíldudal, sonur hjónanna Ásthildar Guðmundsdóttur og Péturs Jens Thorsteinssonar eða Bíldudalskóningsins, eins og hann er stundum nefndur. Á Bíldudal undi Muggur sér í leik og gamni. Allsstaðar urðu til ævintýri í þessu litla þorpi sem var sannarlega eins og konungsríki. Dagurinn hófst á bakríslóftinu hvar Dauja, Þórunn Jónsdóttir, bjó. Hún hafði þann starfa einan hjá Bíldudalskónginum að segja börnunum sögur. Þá gjarnan af riddurum, tröllum og huldufólki. Það situr í börnum er þeim er sagt og það átti sannarlega við í tilfelli Muggs. Það voru einmitt myndir hans við þjóðsögur og ævintýri sem slógu í gegn og eru meðal bestu verka hans. Fáir hafa túlkað hinn íslenska sagnaarf jafnljós-lifandi og um leið húmorískan og Muggur. Nægir þar að nefna myndir hans við Búkollu, Klippipt og skorið, Gissur á Botnum og Sálina hans Jóns míns. Hann sá þetta ljóslifandi fyrir sér hvort sem það var hin íslenska sveit eða bara himnaríki. Kona Jóns átti ekki í vandræðum með að finna hið himneska ríki því eftir að hún

hefði klungrast fjallófærur kom hún loks að vegi og þar var bara skilti er á stóð, himnaríki, og til frekari skýringa var ör er vísaði leiðina. Um þetta snýst einmitt listin, sköpun, og ekki verra að hafa ríkt ímyndunarafl. Þetta hafði Muggur svo sannarlega eins og sést í hans einstöku list.

Þegar Muggur var á tólfta aldursári flutti fjölskylda hans til Danmerkur. Þetta var vissulega mikill sorgardagur á Bíldudal. En af hverju fór þau þar sem þau áttu allt og lífið lék í raun við þau? Ástæðan var einkum sú að Ásthildur vildi að börn þeirra hjóna fengu tækifæri til að mennta sig. Þó Bíldudalur hafi verið orðinn stór á þessum tíma miðað við önnur þorp landsins, þá var hann ekki það stór að þar væru skólar á hverju strái. Svo þau fóru. Voru það mistök? Sumir vilja meina að Pétur hefði aldrei átt að fara frá konungsríki sínu Bíldudal. Sú saga verður ekki sögð áfram hér heldur höldum við okkur við sögu Bíldudalsprinsins, Guðmundar Thorsteinssonar.

Mömmurnar hafa allajafnan rétt fyrir sér það sýnir sagan og sérlega í tilviki Muggs sem sannarlega var mömmustrákur. Í hinu nýja landi, Danmörku, stúderaði hann myndlist enda hafði hans hugur þangað leitað. Nefndur hugur fór sannarlega með hann í allar áttir bæði í lífinu og listinni. Hann gerði klippi-, kola-, og krítarmyndir auk blýants-, vatnslita- og olíumynda.



Hann saumaði og tálgaði dýr og þannig mætti lengi telja. Listfræðingar vilja reyndar meina að þetta hafi háð Mugg í list sinni. Að vera með hugann svona útum allt. Betur hefði verið ef hann hefði t.d. bara einbeitt sér að blýantinum sem sannarlega lék best í höndum hans. Hafa ber hinsvegar í huga að fyrstu ár listamanna eiga einmitt að vera leitandi.

Af þekktustu verkum Muggs má nefna klippimyndina Sjöundi dagur í Paradís en eftirprentun af þeirri mynd er víða að finna m.a. í grunnskólanum í þorpinu hans. Einnig má nefna blýantsteikninguna Kossinn, altaristöfluna Kristur læknar sjúka, sem er í Bessastaðakirkju, Kolaburður í Reykjavík, er einnig einstök mynd en til gamans má geta þess að ekki tíðkaðist á Bíldudal að konur væru látnar skipa upp kolum, olíumálverkið Snæfellsjökull er og magnað og síðast en ekki síst Den bedrøvede Prins eða Hryggi prinsinn. Sem gæti jafnvel verið sjálfmynd.

Þekktasta verk Muggs er án efa ævintýrið Sagan af Dimmalimm sem er ein vinsælasta íslenska barnabók allra tíma. Sagan hefur verið þýdd á fjölmörg tungumál



Sagan af Dimmalimm, 1921.

auk þess sem nokkur leikrit hafa verið samin við ævintýrið. Sagan á bak við ævintýrið er ævintýri út af fyrir sig. Því söguna færði Muggur frænku sinni að gjöf en hún var einmitt kölluð Dimmalimm og átti frænda sem hét Pétur, eins og í sögunni, sem síðar gjörðist meira að segja sendiherra og allt. Fleiri verk Muggs rötuðu á bók. Hann myndskreytti hinn umdeilda ljóðabálk Negrastrákarnir en

myndir hans við Þulur frænku sinnar Theodóru Thoroddsen hafa bara glatt og kætt. Margt fleira mætti segja um listamanninn Mugg svo sem að hann teiknaði fyrstu íslensku spilin, rak teikniskóla í Reykjavík og þótti afbragðsgóður leikari. Lék hann m.a. aðalhlutverkið í kvikmyndinni Saga Borgarættarinnar.

Guðmundur Thorsteinsson, Muggur, andaðist í Sölleröd

Danmörku 26. júlí árið 1924, á 33. aldursári. Hann hafði farið til Suður-Frakklands að leita sér lækninga við brjóstveiki en versnaði þar, sneri heim aftur til að deyja en komst ekki lengra en til Danmerkur. Lík hans var flutt heim til Íslands og jarðsett í Hólavallagarði í Reykjavík.

*Elfar Logi Hannesson
Aðalheimild: Muggur, 1986,
eftir Björn Th. Björnsson*



Sjöundi dagur í Paradís, 1920.



Við þökkum hluttekningu og samúð vegna andláts og útfarar eiginmanns míns og föður okkar

**Guðmundar Hraunbergs
Egilssonar**

sem andaðist 2. september í Bolungarvík

Sérstakar þakkir færur við starfsfólkinu á Hjúkrunarheimilinu
Bergi fyrir ljúfa og hlýja umönnun..
Helga Svana Ólafsdóttir og börn



1916 - 2016 Rauði bærinn Ísafjörður

Í tilefni þess að nú eru 100 ár frá stofnun Alpýðuflokksins – flokks jafnaðarmanna á Íslandi, efnir Bókmenntafélag jafnaðarmanna til hátíðarfundar á Ísafirði laugardaginn 24. september 2016, klukkan 14 í Edinborgarsalnum.

Dagskrá:

1. Ávarp Árni Gunnarsson
 2. Rauði bærinn Ísafjörður Sigurður Pétursson
 3. Afkomandi gamalla Ísafjarðarkrata lítur yfir farinn veg Einar Kárason
 4. Á jafnaðarstefnan ennþá erindi? Kolbrún Sverrisdóttir, Jón Baldvin Hannibalsson og Sighvatur Björgvinsson
- Fundarstjóri og stjórnandi umræðu: Ólína Kjerúlf Þorvarðardóttir

Allt áhugafólk um sögu og samfélagsmál er velkomið.
Kaffiveitingar í boði Bókmenntafélags jafnaðarmanna.



1916  2016
ALPÝÐUFLOKKURINN
100 ÁRA

Almennar íbúðir

Opið fyrir umsóknir um stofnframlög



Auglýst er eftir umsóknum um stofnframlög ríkisins til byggingar eða kaupa á almennum íbúðum skv. lögum nr. 52/2016 og reglugerð nr. 555/2016.

Markmið laga um almennar íbúðir er að bæta húsnæðis-öryggi fjölskyldna og einstaklinga, sem eru undir tekju- og eignamörkum við upphaf leigu, með því að auka aðgengi að öruggu og viðeigandi leiguhúsnæði og stuðla að því að húsnæðiskostnaður sé í samræmi við greiðslugetu leigjenda.

Stofnframlög eru veitt til byggingar og kaupa á almennum íbúðum til að stuðla að því að í boði verði leiguíbúðir á viðráðanlegu verði fyrir þá sem þurfa á því að halda, þ.m.t. fyrir námsmenn, ungt fólk, aldraða og fatlaða.

Við mat á umsóknum er lögð sérstök áhersla á eftirfarandi:

- Nýbyggingar og fjölgun leiguíbúða
- Íbúðir á svæðum þar sem þörf er fyrir leiguíbúðir fyrir leigjendur undir tekju- og eignamörkum

Auk þess verður lögð áhersla á:

- Hagkvæmar aðferðir við íbúðabyggingar í því skyni að lækka byggingarkostnað
- Skapandi og hugvitsamlegar lausnir og góða hönnun
- Íbúðir sem uppfylla þarfir íbúa á hverju svæði
- Íbúðir sem uppfylla mismunandi þarfir ólíkra hópa
- Að stuðla að fjölbreyttri samsetningu íbúa og félagslegri blöndun

Eftirtaldir aðilar geta sótt um stofnframlög:

- Húsnæðissjálfsseignarstofnanir
- Sveitarfélög og lögaðilar í eigu þeirra
- Lögaðilar sem störfuðu við gildistöku laga um almennar íbúðir og uppfylltu skilyrði til að fá lán skv. 37. gr. laga um húsnæðismál nr. 44/1998.

Fjárhæð til úthlutunar í stofnframlög ríkisins á árinu 2016 er að hámarki einn og hálfur milljarður kr. Stofnframlög ríkisins nema 18% af stofnvirði almennrar íbúðar.

Nauðsynlegt er að sækja jafnframt um stofnframlag hjá því sveitarfélagi þar sem viðkomandi íbúð er staðsett, og er samþykki sveitarfélagsins eitt af skilyrðum fyrir veitingu stofnframlags ríkisins.

Umsóknum skal skila á rafrænu formi á heimsíðu sjóðsins. Umsóknarferlið er tvískipt. Fyrri umsóknarfrestur er til og með 15. október 2016. Síðari fresturinn er til og með 30. nóvember 2016. Er þá til úthlutunar það sem óráðstafað er af fjárheimild ársins. Í báðum tilvikum er 30 daga frestur til viðbótar til að skila inn staðfestingu á samþykki sveitarfélags. Umsókn sem berst eftir að umsóknarfrestur rennur út verður ekki tekin til umfjöllunar.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.

Fyrri umsóknarfrestur:
15. október 2016

Síðari umsóknarfrestur:
30. nóvember 2016



Yngvi Páll mættur og klár í slaginn

Yngvi Páll Gunnlaugsson hefur tekið við starfi yfirþjálfara Körfuknattleiksdeildar Vestra og er hann fluttur á Ísafjörð með eiginkonu sinni Guðrúnu Helgu Guðmundsdóttur og þremur börnum. Það er því ljóst að í mörgum skilningi er um happafeng að ræða. Yngvi Páll segist á vissan hátt vera að feta í fótspor forfeðranna með því að stökkva á tækifærið að flytja út á land vegna atvinnu sinnar, en sjálfur bjó hann í sex ár á Tálknafirði í uppveixinum er faðir hans réði sig sem kennara við grunnskólann þar í bæ. Fyrir ættþyrsta má einnig geta að langafi Yngva Páls var Sigurgeir Bjarnason, bóndi í Fagrahvammi. Það er nóg að gera hjá fjölskyldunni við að koma sér fyrir og finna taktinn á nýjum vígstöðvum, börnin í skólunum og foreldrana í nýjum vinnum, en Guðrún hefur ráðið sig sem þroskaþjálfara við Grunnskólann á Ísafirði. Hið nýja ævintýri gefur strax góðar vonir að sögn Yngva Páls og fjölskyldunni tekið opnum örmum á nýjum slóðum.

Yngvi Páll er húsamálari að mennt, jafnframt því sem hann er í kennaranámi. Hann hefur sjálfur verið liðtækur körfuknattleiksmaður og hefur góða reynslu að baki sem þjálfari í öllum aldursflokkum beggja kynja. Síðast var hann hjá KR í fimm ár en þar áður hjá Val þar sem hann stýrði bæði karla- og kvennaliði félagsins upp um deild. Hið nýja starf leggst vel í Yngva: „Það er spennandi verkefni að taka við þessu nýja félagi sem byggt er á góðum grunni. Fólkið sem vinnur fyrir félagið vinnur af ákafa og hugsjón og það er gott að vinna með slíku fólki.“ Svarar Yngvi aðspurður um hvernig hið nýja starf leggst í hann. Hann segist jafnframt hafa háleitt markmið fyrir hönd deildarinnar og vilji hans standi til að auka fagmennsku innan hennar og auka fjölda iðkenda. Hann segir gaman að sjá hversu öflugar stelpurnar eru í körfuboltanum hér, þar sem fleiri stelpur en strákar leggja stund á íþróttina – en því sé yfirleitt öfugt farið.

Yngvi Páll segir gott að sjá

hversu margir frá stöðunum í kringum Ísafjörð séu öflugir í körfuboltanum. „Það munar miklu þegar allt svæðið er orðið svona tengt og gott að sjá að gamli góði hrepparígurinn er út um gluggann. Okkar sýn er þó að geta þjónustað minni kjarnana betur og að geta boðið upp á æfingar á fleiri stöðum en Ísafirði.“

Það eru jákvæð teikn á lofti á fleiri stöðum, en unglingsflokkur er nýsettur á laggirnar. Yngvi Páll segir það afar góðan hlut og segir jákvætt til þess að vita að félagið geti sent frá sér fólk með vissan gæðastimpil og geti þá að sama skapi laðað til sín slíkt fólk. Hann bætir því líka við að það séu allir velkomnir í körfuboltann.

Nokkur blóðtaka var hjá meistaraflakki karla á milli ára er sex leikmenn sögðu skilið við liðið. Búið er að ráða tvo nýja leikmenn Adam Smára Ólafsson frá Bíldudal og Hinrik Guðbjartsson sem var í úrtakshópi U-20 landsliðslins í sumar. Eru þeir báðir mættir til Ísafjarðar og stunda nám við Menntaskólann á Ísafirði. „Þeir eru heilmikill



hvalreki fyrir okkur. Liðið er enn í mótnun og við erum óskrifað blað en þetta eru duglegir strákar með hausinn í verkefninu. En við erum alltaf að leita að góðum mönnum og viljum sjá menn koma hingað á réttum

forsendum.“

Fyrsti leikur meistaraflakks karla verður útileikur í Smáranum, er þeir mæta Breiðabliki þann 6. október.

annska@bb.is



HEIMSÓKNA- VINIR

Rauða krossins

Gagnkvæm virðing Gagnkvæmt traust

Sjálfboðaliðar Rauða krossins heimsækja um 900 manns í viku hverri og draga með þeim hætti úr félagslegri einangrun.

Ef þú hefur áhuga á að þiggja heimsókn eða gerast heimsóknavinur getur þú sett þig í samband við Rauða kross deildina í þinni heimabyggð.





Sportið í beinni...

fimmtudagur 22. september

17:00 Tour Championship

föstudagur 23. september

17:00 Tour Championship

18:30 Dortmund - Freiburg

laugardagur 24. september

11:20 Man Utd - Leicester City

13:30 Augsburg - Darmstadt

13:50 Liverpool - Hull City

14:00 Tour Championship

14:10 Sporting - Barcelona

16:15 Swansea City - Man City

16:20 Arsenal - Chelsea

16:20 Aston Villa - Newcastle

18:00 Stoke City - WB Albion

18:30 Sunderl. - Crystal Palace

18:40 Las Palmas - R Madrid

18:45 Bournemouth - Everton

20:10 Middlesbr. - Tottenham

sunnudagur 25. september

14:50 W Ham Utd - Southampton

16:00 Tour Championship

20:20 K City Chiefs - NY Jets

mánudagur 26. september

18:50 Burnley - Watford

21:00 Messan

þriðjudagur 27. september

18:15 Meistaradeildarmessan

18:40 Bor. Dortm - R Madrid

18:40 CSKA Moskva - Tottenham

18:40 Leicester - Porto

18:40 D Zagreb - Juventus

20:45 Meistaradeildarmörkin

miðvikudagur 28. september

18:15 Meistaradeildarmessan

18:40 Arsenal - Basel

18:40 Celtic - Manchester City

18:40 B. M'Gladb. - Barcelona

18:40 Atl Madrid - B Munchen

20:45 Meistaradeildarmörkin

Dagar Íslands

25. september 1654:

Grímur Jónsson var brenndur

á báli fyrir galdur í Trékyllisvík

á Ströndum. Fimm dögum

fyrir höfðu Þórður Guðbrands-

son og Egill Bjarnason verið

brenndir þar fyrir sömu sakir.

28. september 1988:

Á Ísafirði var afhjúpaður

minnisvarði um Ragnar H.

Ragnar, tónskáld og skóla-

stjóra Tónlistarskóla Ísafjarðar.

Ragnar hefði orðið níráður

þennan dag.

Helgarveðrið

Á föstudag:

Austan og norðaustan 8-15

m/s og skúrir, hvassast við

S-stöndina og jafn vel rigning

þar. Hiti 5 til 12 stig.

Á laugardag, sunnudag og

mánudag:

Norðanáttir og vætusamt,

einkum fyrir norðan og kólnar

heldur á þeim slóðum.

Krossgátan

		SÓPUR	SLANGA	SITJANDI	ÓNEFNDUR		VIÐUR	HINDRUN
	HLJÓÐ- FÆRI							
	MÁLMUR					SLÁ REIKA		
	SKILABOÐ				MASKÍNA VERSLAÐ			
	RÝJA SKYNFÆRI						TVEIR EINS	
	↓	SLEIKJA	EYRIR Í RÖÐ			HÆRRI HLEYPÍR		
MJÓLKUR- AFURÐ					LYGN ELEKTRÓNA			SAKKA
SVIF				MÁLÆÐI BANN- HELGI			PAPPÍRS- BLAÐ	
ÁTT			FÍFLAST AUSTUR- ÁLFA				SVÖRÐ SKADDAST	
ORGA				ÁI		TÖF ATHYGLI		
RAUS				KLETTUR- INN ÁRÍÐANDI				GIM- STEINN
		HEIMA- MAÐUR FEGRA				SKOÐUN VILLTUR		
NAUMUR				TÓNN LÁÐ			RJÚFA	
FYRIR HÖND			ROTNUN STÍGANDI			ANGAN	GAT ER	
MINNKA					RÁK			
GOÐ					SPAUG			
VIÐMÓT				SKRALLA				

Á Simi í Bolungarvík 450 7900
Simi á Ísafirði 450-7910

Áðalstræti 19, 415 Bolungarvík • Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður

Fréttir og
upplýsingar um
réttindi og kjör
á vinnumarkaði
www.verkvest.is



Lausn á síðustu krossgátu

				HITTAST	ÓSLITINN	GLATA		UPP- HROPUN	FISKUR	FRÁ- RENNSLI
			VIÐTAKA	M	Ó	T	T	A	K	A
			TRYLLA	Æ	R	A	RÁN FEGRA	H	A	F
			TINDAR	T	O	P	P	A	R	R
			HARLA	A	F	A	R	HLIÓTA ATA	F	Á
			ÁTT	S	A	MARG- KONAR ÚTBIA	Ý	M	I	S
			ATVIKAST	S	A	SPREIA FORSÖGN	Ú	Ð	A	MYNT
NUDDAST	N	Ú	A	S	T	SPREIA FORSÖGN	Ú	Ð	A	MYNT
ÁREYNSLA	Á	T	A	K	HREYKJA RIFTUN	S	T	A	K	K
TVEIR EINS	T	T	EGNA BÆRU AÐ	E	S	P	A	MJÖG STÆKKA	A	L
VERKUR	T	A	K	SETJA KROPP	L	Á	T	A	RÖMVERSK TALA SMÁBÁRA	I
PÚNNUR IS	S	K	Æ	N	I	SKYNFERA SÓT	A	U	G	N
	L	NÆRA OTA	M	A	T	KLASTUR GÆTA	K	Á	K	KANTUR
MARÐAR- DYR	O	T	U	R	NAUMUR ÖGNA	S	P	A	R	BLÍÐUHÓT
FYRIR HÖND	P	R	STELA EFNI	T	A	K	A	SEYTLA FOR	A	G
FÁLM	P	A	T	HNUSA TVEIR EINS	N	A	S	PIPA Í RÖÐ	Æ	Ð
YNDIS	U	N	A	Ð	S	GÖSLA	S	U	L	A
BLÓMI	R	A	U	Ð	A	ÚTLIMUR	A	R	M	U

Sudoku þrautir

			8				2	7
		5			3			4
		9	1		6			3
6					7	2	9	
8		2		4		6	7	5
1		7			9		4	8
5				3	2			6
	4	1	7	6		8	3	2
2		3				7		9

8	7					2		
		1		6	4	9	3	
	9						5	6
7		5	2					
		3						4
			7	2		1		3
	1	6			5		7	
	2				1			



Tónlist hefur ávalt leikið stórt hlutverk á Veturnóttum. Mynd úr safni.

Undirbúningur fyrir Veturnætur hafinn

Undirbúningur fyrir Veturnætur 2016 er hafinn og er það Heimur Hansson sem að þessu sinni heldur utan um dagskrá hátíðarinnar fyrir Ísafjarðarbæ. Hátíðin verður haldin dagana 20.-23. október næstkomandi en líkt og undanfarin ár er henni ætlað að vera samansafn sjálfstæðra viðburða sem menningarvitar, vertar, verslunareigendur og fleiri halda. Þeim sem hyggja á viðburðahald er bent á að hafa samband við Heimi á pósthfangið heimur@isafjordur.is og láta vita af sér. Einnig tekur Heimur við skráningum verslunarmanna sem ætla sér að taka þátt í lengdum opnunartíma á laugardegi Veturnátta.

annska@bb.is

**Auglýsinga-
sími
bb.is er
456 4560**

PRENTUM
ALLT MILLI
HIMINS

↑
OG
↓

JARÐAR

33

Mánagötu 2
400 Ísafirði
Sími: 456 4560
Netf.: honnun@bb.is

**Til sölu
Aðalstræti 20, Bolungavík
– Íbúð fyrir 60+**



Til sölu er 3ja herbergja íbúð fyrir aldurshópinn 60+ að Aðalstræti 20 í Bolungavík. Íbúðin sem er á annari hæð er 101m², þar af 7,2m² geymsla í kjallara. Lyfta er til staðar. Stórar svalir eru yfirbyggðar og flísalagðar og litlar útisvalir við hliðina. Íbúðin er í nýlegu húsi og var tekin í notkun árið 2013. Byggingarkostnaður var þá tæpar 28.8 milljónir en brunabótamat íbúðarinnar er nú 32.350.000 kr. Svefnherbergin tvö eru með góðum fataskápum. Í flísalögðu baðherbergi er rúmgóður sturtuklefi án þröskuldar og þar er gert ráð fyrir þvottavél og þurrkara. Stofa, eldhús og hol eru í sama rými. Í eldhúskrók er gott skápaþláss. Við inngang eru góðir fataskápar. Íbúðin er parketlögð og án þröskulda. Allar innréttingar, hurðir og parket eru úr eik. Úr íbúðinni er glæsilegt útsýni þar sem sjá má niður á höfn, inn í Djúp, yfir í Ósvör og fjallasýn er fram í Syðridal.

Óskað er eftir tilboðum. Nánari upplýsingar veitir Lárus G. Birgisson í síma 892-0615/437-2081.

Þjónustuauglýsingar



BARNGÓÐAR KRÓNUR TAKA Á LOFT

FJÖLSKYLDAN FLÝGUR SAMAN Á VIT ÆVINTÝRANNA

FLUGFELAG.IS



KRÓNAN VEITIR 99% AFSLÁTT

fyrir barnið aðra leiðina + flugvallarskattar. Greiða þarf flugvallarskatta og eru þeir 1.700 kr. frá Reykjavík og 1.360 kr. frá öðrum áfangastöðum innanlands.

FERDATÍMABILÍÐ ER FRÁ 1. – 31. OKTÓBER

BÓKANLEGT FRÁ 19. SEPTEMBER – 31. OKTÓBER

Sláðu inn í bókunarvélina flugsláttinn KRONA til að tryggja þér þetta tilboð.

ÞETTA EINSTAKA TILBOÐSFARGJALD

- gildir til Reykjavíkur, Akureyrar, Ísafjarðar, Egilsstaða, Grímseyjar, Vopnafjarðar og Þórshafnar
- er fyrir börn, 2–11 ára, í fylgd með fullorðnum og í sömu bókun
- býðst eingöngu þegar bókað er á netinu, www.flugfelag.is
- ekki er hægt að bæta barni við bókunina eftir á
- ekki er hægt að nota tvo flugslætti í sömu bókun



FLUGFÉLAG ÍSLANDS